



## HAFNARFJÖRÐUR

### Endurnýjað samkomulag varðandi tímabundna staðsetningu lausra kennslustofa við leikskólann Hvamm

Með vísan til samkomulags Hafnarfjarðarbæjar og íbúa við Staðarhvamm frá 9. september 2008 sem var endurnýjað vorið 2009, í maí 2010 og aftur júní 2012, eru aðilar sammála um að framlengja til 15. júlí 2014 umræddu samkomulagi varðandi tímabundna staðsetningu 2ja lausra kennslustofa við leikskólann Hvamm.

Samkomulag þetta byggir sem fyrr á þeim aðgerðum sem gripið var til varðandi úrbætur í umferðaröryggismálum við Staðarhvamm og tilfærslu á bílastæðum við götuna. Þá liggur fyrir að bæjaryfirvöld hafa hafnað framkomnum tillögum um íbúðaframkvæmdir á Jófríðarstaðatúni vestan Stekkjarhvamms.

Hafnarfjarðarbær hefur hafið undirbúning að flutningi stofanna í Vallahverfi sumarið 2014.

Í ljósi þessarar stöðu eru Hafnarfjarðarbær og íbúar við Staðarhvamm sammála um að endurnýja áður gert samkomulag um tímabundna staðsetningu 2ja lausra kennslustofa við leikskólann Hvamm til 15. júlí 2014 og jafnframt að ekki verði um frekari framlengingu á samningi þessum að ræða. Stofurnar verði i síðasta lagi fjarlægðar þá og gengið frá svæðinu við Jófríðarstaðatún eins og það var áður en húsín voru sett niður.

Samkomulag liggar fyrir við Kaþólsku kirkjuna á Íslandi um tímabundin afnot af bílastæðum kirkjunnar á Jófríðarstaðatúni til sama tíma. Þau bílastæði verða nýtt fyrir aðkomu foreldra, barna og starfsfólks sem munu hafa aðsetur í lausu stofunum. Þannig verður áfram komið í veg fyrir aukið umferðarflæði um Staðarhvamm.

Hafnarfirði 8. júlí 2013

Fyrir hönd íbúa við Staðarhvamm  
Um Suðurland  
Sigurður Ólafsson  
Magnus Egil Magnússon  
Alma Þórhildardóttir  
Guðrún Þórhildardóttir  
Hildur Þórhildardóttir  
Guðrún Þórhildardóttir  
Svavar Þórhildar

Hafnarfjarðarbær  
Endurnýjað samkomulag  
Jón Úlfhúsason  
Jóhanna Ólafsdóttir  
Karin Thorsdóttir

Fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar með fyrirvara um  
staðfestingu þessarar

Gordur Ólafsson  
Hafnarfjarðarbær

Hafnarfjarðarbær	
Innök:	25.7.2013
Málsnr:	0803132
Blefar:	228

Hafnarfjarðarbær | Lejósjóður | Strandagötu 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5500 | kt. 590169-7579 | www.hafnarfjordur.is

Karen Thorsdóttir